



KVIKMYNDATÓNLISTARVEISLA

Fim. 20.01.11 » 19:30

- Bernard Herrmann
- Ennio Morricone
- Nino Rota
- Jonny Greenwood

Benjamin Shwartz hljómsveitarstjóri

Nú, annað árið í röð, gefst unnendum góðrar tónlistar tækifæri til að hlýða á fræg kvikmynda-tónverk leikin af fullskipaðri sínfóníuhljómsveit, en tónleikarnir í fyrra voru gríðarlega vinsælir. Að þessu sinni verður meðal annars flutt hljóm-sveitarsvíta úr **Psycho** ásamt þáttum úr **Cinema Paradiso** og **Guðföðurnum**. Þá mun hljómsveitin einnig leika tónverk eftir Jonny Greenwood í Radiohead, úr óskarsverðlaunamyndinni **There Will Be Blood** frá árinu 2007.

Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500

ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

„Við verðum öll svolítið brjáluð af og til, ekki satt?“

Norman Bates



AUGLÝSINGAÐEILD

netfang: augl@mbi.is, sími 569 1111



Borgarleikhúsið

568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is
Áheyrnarprufur Oz, skráning í dag kl 16:15



Ofviðrið (Stóra sviðið)

Mið 19/1 kl. 20:00		Sun 30/1 kl. 20:00 8.k		Fim 3/3 kl. 20:00	
Fös 21/1 kl. 20:00 7.k		Fim 3/2 kl. 20:00 9.k		Fim 10/3 kl. 20:00	
Þri 25/1 kl. 20:00		Fim 10/2 kl. 20:00 10.k			
Mið 26/1 kl. 20:00		Sun 20/2 kl. 20:00			

Ástir, átök og leiftrandi húmor



Fjölskyldan (Stóra sviðið)

Sun 23/1 kl. 19:00		Lau 5/2 kl. 19:00 aukas		Sun 27/2 kl. 19:00 aukas	
Lau 29/1 kl. 19:00		Fös 11/2 kl. 19:00 aukas			
Fös 4/2 kl. 19:00 auka		Lau 19/2 kl. 19:00 aukas			

Stjórnuleikur sem endar með flugeldasýningu, BS, pressan.is



Jesús litli - leikferð (Hof - Hamraborg)

Mið 19/1 kl. 19:00		Fim 20/1 kl. 19:00	
Mið 19/1 kl. 21:00		Fim 20/1 kl. 21:00	

Sýnt í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í samstarfi við LA



Faust (Stóra sviðið)

Fim 20/1 kl. 20:00		Fös 28/1 kl. 20:00 aukas		Sun 13/2 kl. 20:00 aukas	
Lau 22/1 kl. 20:00		Sun 6/2 kl. 20:00 aukas		Fös 18/2 kl. 20:00 aukas	
Fim 27/1 kl. 20:00 aukas		Lau 12/2 kl. 20:00 aukas			

Aukasýningar vegna fjölda áskorana



Elsku Barn (Nýja Sviðið)

Fös 21/1 kl. 20:00 3.k		Sun 30/1 kl. 20:00 6.k		Mið 9/2 kl. 20:00	
Þri 25/1 kl. 20:00 4.k		Mið 2/2 kl. 20:00		Fim 10/2 kl. 20:00	
Mið 26/1 kl. 20:00 5.k		Fim 3/2 kl. 20:00			

Nístandi saga um sannleika og lygi



Afinn (Litla sviðið)

Mið 19/1 kl. 20:00 4.k		Lau 22/1 kl. 22:00 aukas		Fös 28/1 kl. 22:00 aukas	
Fim 20/1 kl. 20:00 5.k		Sun 23/1 kl. 20:00 8.k		Lau 29/1 kl. 19:00	
Fös 21/1 kl. 19:00 6.k		Mið 26/1 kl. 20:00 9.k		Lau 29/1 kl. 22:00	
Fös 21/1 kl. 22:00 aukas		Fim 27/1 kl. 20:00 10.k		Sun 30/1 kl. 20:00	
Lau 22/1 kl. 19:00 7.k		Fös 28/1 kl. 19:00 11.k			

Óumflýjanlegt framhald Pabbans



Nýðönsk í nánd (Litla sviðið)

Mið 9/2 kl. 20:00 trums		Mið 16/2 kl. 20:00 3.k		Fim 24/2 kl. 20:00 5.k	
Fim 10/2 kl. 20:00 2.k		Mið 23/2 kl. 20:00 4.k		Fös 25/2 kl. 20:00 6.k	

Sáldrandi brjáli sem aldrei fyrr



Skoppa og Skríttla á tímaflakki (Litla sviðið)

Lau 22/1 kl. 14:00		Sun 30/1 kl. 14:00	
Sun 23/1 kl. 14:00		Lau 5/2 kl. 14:00	

Bestu vinkonur allra barna



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Ath. Sýningar hefjast **kl. 19:00**
Nánar á leikhusid.is
Sími miðasölu **551 1200**



Morgunblaðið/Golli
Höfundurinn Bókasafn ömmu Huldar er eftir Þórarinn Leifsson.

Þórarinn tilnefndur

Í gær var bók Þórarins Leifssonar, rithöfundar og myndskreytis, **Bókasafn ömmu Huldar**, tilnefnd af Íslands hálfu til Norrænu barnabókaverðlaunanna. Verðlaunin eru heiðursverðlaun sem samtök norrænu skólasafnanna, Nordisk skolebibliotekarforening, og forstöðumenn þeirra hafa staðið að allt frá 1985. Félag fagfólks á skólasöfnum tilnefnr bókina. Þar sem verðlaunin eru sam-norræn er það síðan undir nor-rænni dómnefnd komið, sem hittist í mars, hver hlýtur verðlaunin. Fulltrúi Íslands í þeirri nefnd er Þóra Jónsdóttir frá Öldutúnnsskóla. Verðlaunin verða síðan veitt í vor, á ráðstefnu Nordisk skolebibliotekarforening í Svíþjóð. Fjórum sinnum hafa verðlaunin fallið íslenskum rithöfundum í skaut. Þeir eru: Guðrún Helgadóttir 1992, Kristín Steinsdóttir 2003, Ragnheiður Gestsdóttir 2005 og Brynhildur Þórarinsdóttir 2007. Þau eru veitt annað hvert ár.

Ferðapró og upplifun ferðalanga

● Sýningin **Án áfangastaðar** opnuð í Hafnarhúsinu á morgun ● Fjölbreytilegur hópur listamanna sem vinnur út frá spurningum um tengsl manns og umhverfis

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbi.is

Á þriðja tug innlendra og erlendra myndlist-armanna eiga verk á sýningunni **Án áfangastaðar** sem verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á morgun, fimmtudag, klukkan 17. Í verk-unum er varpað ljósi á ferðaprána og upplifun ferðalangsins. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson. Markús segir að þessi sýning, **Án áfangastaðar**, sé annar hluti tvíþætts verkefnis sem hann hefur unnið að í samstarfi við landfræðinginn Gunnþóru Ólafsdóttur. Hennar þáttur verkefnisins er viðamikil ráðstefna sem verður haldin í tengslum við sýninguna í Hafnarhúsinu fyrstu helgina í febrúar. Undirrótt verkefnisins er ört vaxandi straumur ferðamanna um Ísland og áleitnar spurningar sem sú staðreynd vekur. „Á sýningunni eru verk listamanna sem fást við spurningar um það hvernig maðurinn tengist umhverfi sínu; hvernig hann staðsetur sig, upplifir staði, og að hversu miklu eða litlu leyti hann stýrir því sjálfur hvernig upplifunin af tilteknum stað er,“ segir Markús Þór. Hann segist einnig skoða hvernig menn skilgreina staði fyrir sjálfum sér. „Þetta er hugmyndin um að staður sé ekki hlutlaus landfræðileg staðsetning, heldur sé alltaf um að ræða samspil einstaklings og umhverfis.“

Plakataverk um hálendisferð

Á sýningunni eru allra handa verk eftir fjölbreytilegan hóp listamanna. „Þetta eru verk eftir listamenn sem hafa fengist við áður nefndar spurningar, fólk eins og Kristinn E. Hrafnsson, Einar Garibaldi, Katrín Sigurð-



Morgunblaðið/Kristinn

Sýningarstjórinn Markús Þór hefur skipt sýningunni í fernt og skoðar m.a. ferðahug og ferðasögur.

ardóttir og Húbert Núi,“ segir Markús Þór. „Af erlendum listamönnum má til dæmis nefna Roni Horn og Hamish Fulton, fólk sem hefur meira og minna allan sinn listferil verið að velta þessum spurningum fyrir sér.“ Meðal annarra listamanna sem eiga verk í Hafnarhúsinu má nefna Ólaf Elíasson, Unnar Örn Jónasson Auðarson, Harald Jónsson, Ingu Þór-eyju Jóhannsdóttur, Walter Niedermayr, Þorgerði Ólafsdóttur, John Bock, Friðrik Þór Friðriksson, Ragnheiði Gestsdóttur og Ghostigital ásamt Finnþoga Péturssyni og Skúla Sverrissyni. Markús segist skipta sýningunni í fjóra hluta.

„Sá fyrsti kallast *Wanderlust* eða ferðahugur. Þar er skoðuð þessi þrá sem við höfum til að ferðast á nýjar slóðir. Næsti salur kallast *Staður*, þar snúast verkin um ólíka staði hér og nú eða annars staðar. Þriðja sýningarrýmið er *Ferðasaga*, þar eru kvikmyndir og hljóðverk í gangi allan daginn, ólík verk frá einum tíma til annars. Loks er fjórði hlutinn, *Slóð*, en það er plakatasýning Institut für Raumexperimente í Berlín, sem Ólafur Elíasson stýrir. Það er sýning hóps sem gekk um hálendi Íslands undir leiðsögn Óskar Vil-hjálmisdóttur. Þau melta og túlka ferðalagið í plakatöum.“